

## 141. fundur skráningaráðs haldinn 12. sept. 2024 kl. 9:00-11:00 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson (fundarritari) og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis

### 1. Óhefðbundin safngögn og flokkun bókfræðifærslna í efnistegund (material type) og tegund viðfangs (Resources type)

Erindi frá Hallfríði fyrrum gæðastjóra Gegnis

Varðar viðföng sem ekki eru hefðbundið safnefni s.s. spil, leikföng, tæki, gagnasett:

**Efnistegund: Visual/myndefni – tegund viðfangs: undefined/óskilgreint (Borðspil, kortaspil, aðrar tegundir spila)**

**Efnistegund: Visual/myndefni – tegund viðfangs 3D artifact/munur ápreifanlegur (Leikföng/Likön/Hlutir)**

**Undefined** efnistegundin heitir núna **Spil** í Primo, passa þarf að ekkert annað en spil og púsluspil fari í þann flokk. Fáar færslur (25) eru undir flokknum **Þrívíður munur**, aðallega leikföng og legobjarkar. Ákveðið að þessar tvær efnistegundir flokkist saman í Primo undir heitinu **Spil og leikföng**, athuga þarf þó að það sé ekki of langur label fyrir Primo, Sigrún skoðar málið.

**Efnistegund: Visual/myndefni – tegund viðfangs kit physical /gagnasett ápreifanlegt (Útgáfupakkar: Tvær eða fleiri tegundir viðfanga sem gefnar eru út saman og eru ætlaðar til notkunar saman)**

Dæmi:

### Vinátta = Fri for mobberi

**Myndefni (Gagnasett – ápreifanlegt) annað; milliliðalaust; ótilgreint** Eftir Barnaheill ([Reykjavík] : Barnaheill, 2016-2020)

**Efni:** Vinátta Einelti Samskiptafærni og fleiri

**Umfang:** 4 bækur, 1 hljómdiskur (CD), 43 spjöld, 5 veggspjöld, 1 handbrúða (í tösku) : myndir ; 37 x 48 sm

Ákveðið að hrófla ekki í þessu, athuga með samræmi milli Ölmur og Primo = **Gagnasett** báðu megin og athuga með leiðbeiningar í HASKI.

**Efnistegund: Mixed materials/blandað efni - Efnistegundin blandað efni er notuð til að lýsa viðföngum sem eru sett saman í pakka án þess að vera upprunalega gefin út saman**

Dæmi:

## Dóta læknir-pokinn / Amtsbókasafnið á Akureyri.

**Blandað efni (Óskilgreint) þrívítt form; milliliðalaust; hlutur**  
(Akureyri : Amtsbókasafnið á Akureyri, 2022.)

**Efni:** Barnaefni

**Ritröð:** Ævintýrapokar fyrir alla fjölskylduna

**Umfang:** \$S\$á 1 poki (bókin "Dóta læknir verður veik" (útg. 2020)  
í þýðingu Maríu Þorgeirsdóttur, Dótu-dúkka) +  
yfirlit/leiðbeiningar (A4, laminerað)

Þessi efnistegund heitir núna í Primo ýmist **Skjalasafnsgögn** eða **Gagnasett** – finna þarf gott heiti fyrir þessa efnistegund. Hægt er að flokka þetta í tvo undirflokkar í Primo – viljum við það?

Skoða þyrfti í kjölfarið að taka til í þessum flokkum og færa viðföng milli flokka eftir þörfum. Kristín skoðar málið með Sigrúnu og Landskerfi og óskar eftir aðstoðar annarra í Skráningarráði við tiltekt eftir þörfum.

### 2. Safnfærslur

Þrjár tegundir safnfærsla – tæki og tól – spil og leikföng – bækur og önnur gögn – þetta hefur farið í algjöra óreiðu í gegnum tíðina. T.d. er til safnfærsla fyrir plokktangir sem hefur efnistegundina bók – ruglar í tölfraeðinni. Væri einfaldara að hafa allar safnfærslur í sömu efnistegund .

Eiga safnfærslur að vera leitarbærar á leitir.is – á Borgarbókasafni er mikil áhugi fyrir að þetta efni finnist, t.d. kökuform sem eru bæði á Amtinu og Borgarbókasafninu

Í Tækniskólanum var þetta eingöngu notað fyrir efni sem ekki þurfti að finna á leitir.is t.d. efni sem er til notkunar á staðnum s.s. reglustrikur eða reiknivélar.

Innanhúss safnfærslur má fela á leitir.is en annað eins og kökuform er hægt að hafa finnanlegt í eintökum er þá hægt að skoða hvers konar form þetta er – t.d. *Einhyrningur (ljóst form)* o.s.frv.

Hvað eiga safnfærslur að kallast? Kóðar safna í safnfærslum eru ruglingslegir fyrir notendur sem auðvitað þekkja ekki sankóða síns safns. Safnkóðarnir eru þó mjög mikilvægir svo söfn fari ekki að tengja við safnfærslur annarra safna. Ákveðið að geyma ákvörðun um heiti safnfærsla þar til á fundi í nóvember.

Ákvörðun tekin um að sameina allar safnfærslur í eina undir efnistegundinni **Blandað efni**. Kristín sameinar efnistegundirnar í eina í október og uppfærir svo HASKIð í kjölfarið í samráði við aðra í Skráningarráði

### 3. Undanþágur fyrir skráningarréttindi

Endurskoða þarf reglur um skráningarheimild í Gegni, hafa þær fastmótaðri. Hafa ekki verið uppfærðar lengi.

Skráningarráð afgreiddi þrjár undanþágur um að sitja skráningarnámskeið hjá Landskerfi nú í september. Undanþágurnar voru veittar á þeim forsendum að viðkomandi voru allar í námskeiðinu **Skipulagning þekkingar** í HÍ á haustmisseri þar sem kennd er skráning en samkvæmt núverandi reglum þarf að vera búíð sitja það námskeið í HÍ til að fá að sitja námskeiðið í Landskerfi. **Skipulagning þekkingar** er hins vegar aðeins kennt annað hvort ár og því voru undanþágurnar veittar.

Hægt væri að færa námskeiðið hjá Landskerfi fram í febrúar þegar skráningarnámskeiðið í HÍ er búíð (sem gjarnan er kennt að hausti)

Skráningarheimild er ævilangt – ef ekki er unnið við skráningu í einhvern tíma á þá heimildin að falla niður þangað til viðkomandi fer að starfa aftur við skráningu?

Gæðaeftirlit – æskilegt væri að skrásetjarar gætu haft samband að ákveðna [ofur]skrásetjara varðandi álitamál við skráningu – sérstaklega gott fyrir einyrkja og þá sem vinna á fámennum söfnum

Búa þarf til einfalt form fyrir þá sem vilja biðja um undanþágu frá reglum um skráningarheimild í Gegni.

Huga þarf að lausn í samræmi við persónuverndarlög til að hægt sé búa til lista yfir alla skrásetjara.

Engar ákvarðanir teknar en ákveðið að halda áfram með þetta á næsta fundi í október

#### 4. Önnur mál

Doddi

A – varðandi ótölusettar bls. innan hornklofa eða ekki – hornklofar og skammstafanir ekki lengur notaðir í RDA – við erum með undanþága fyrir skammstöfunina bls. ([sjá í HASKinu](#))

B – Sóttar færslur í OCLC/World Share búið að borga fyrir þjónustuna út árið, fyrir þá sem nota þetta væir gott að fá kennslu.

C – Talað um að skráningarráð hittist einhvern tímann í eigin persónu norðan heiða, skoðum það e. áramót

Sigga

D – birting á ha.leitir.is ,ekki í samræmi við hvernig þetta birtist í öðrum safnakjörnum (sjá myndir)



María og Kristín

E - Fjöldi efnisorða á færslu og efnisorðagjöf almennt – efni fyrir næsta fund/eða seinna – búa til viðmið til að setja í haskið – hugsanlegt efni á næsta fræðslufundi skrásetjara

Fundi slitið kl. 11:10